

LEIKSKÓLALÆSI



LEIKSKÓLINN BJARKALUNDUR

ÞRÓUNARVERKEFNI SKÓLAÁRÍÐ 2016-2017

Leikskólinn Bjarkalundur tók til starfa í ágúst 2016 og er hann í Hafnarfirði. Leikskólinn lítur til starfsaðferða Reggio Emilia þar sem áhersla er lögð á ígrundun, skapandi starf og umhverfismenntun. Einnig er unnið markvisst með snemmtæka íhnutun, stærðfræði og læsi. Á fyrsta skólaári tók starfsmannahópurinn ákvörðum um að leggja áherslu á innleiðingu á læsi og snemmtæka íhnutun. Fagfólk leikskólans setti sér strax það markmið að halda vel utan um



læsisnám í leikskólanum og vilji er til þess að verða leiðandi í þeim efnum. Til að ná þessu markmiði var stofnað læsisteymi við skólann en í teyminu eru félagsmenn FL og FSL. Eitt helsta verkefni teymisins fyrsta starfsárið var að halda utan um þróunarverkefnið sem var unnið skólaárið 2016-2017. Megin hluti verkefnisins var unnin í samstarfi við Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA). Áhersla var einnig lögð á að verkefnið samrýmist læsisstefnu Hafnarfjarðar þannig að markmiðin sem þar koma fram endurspeglar í starfi leikskólans.

Markmiðin með þróunarverkefninu voru tvíþætt. Í fyrsta lagi var verkefnið fólgið í því að allir kennarar fengju fræðslu um læsi og málörvun í leikskóla. Í öðru lagi var markmiðið að setja saman heildræna áætlun um hvernig unnið væri með læsi þar sem litið væri til ólíkra aðferða og námsefnis, svo sem byrjendalæsis, K-Pals, Lubbi finnur málbein, snemmtækrar íhlutunar og málörvunar.

Mikið var lagt í að allir kennarar myndu fræðast um læsi í leikskóla og með hvaða hætti er hægt að styrkja læsi barnanna í daglegu starfi. Eftirtalin fræðsla fór fram og fékk starfsmannahópurinn í heild þessa fræðslu:

- Í ágúst 2017 kom Eyrún Ísfold talmeinafræðingur til okkar með námskeið um námsefnið Lubbi finnur málbein. Hún sagði frá tilurð námsefnisins og þeim fræðilega grunni sem það byggir á en var einnig með kennslu um notkun þess.
- Á skipulagsdegi í september 2017 kom ráðgjafi frá MSHA til okkar með fræðslu um læsi og leiddi umræður um hvernig hægt væri að vinna með læsi í barnahópnum



okkar. Í kjölfarið var Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur með fyrirlestur um mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og hvernig hægt væri að örva málþroska barna.

- Ásthildur Bj. Snorradóttir talmeinafræðingur kom aftur á starfsmannafund með fræðslu um snemmtæka íhlutun, málörvun og uppbyggingu málörvunarstunda. Ákveðið var í framhaldi af þessari fræðslu að stofna teymi sem heldur utan um snemmtæka íhlutun og hvernig unnið er með hana í leikskólanum. Fyrstu skrefin í þróunarverkefni í tengslum við snemmtæka íhlutun og málörvun var tekið sl. skólaár, en því verður haldið áfram skólaárið 2017-2018. Sett verður fram áætlun um hvernig þessum hlutum er háttað í Bjarkalundi.
- Í janúar fengum við ráðgjafa til okkar frá MSHA. Áherslan að þessu sinni tengdist bókum og hvernig hægt er að nýta þær í vinnu með læsi á fjölbreyttan hátt. Vinnan var deildarskipt og voru kennarar hvattir til þess að setja fram hugmyndir út frá aldri, getu og áhuga barnanna á deildinni. Deildirnar þróuðu áfram hugmyndir að vinnu með bækur undir leiðsögn ráðgjafans og í lok dags hittust allir á sal og kynntu sínar hugmyndir og fengu endurgjöf bæði frá ráðgjafa og samstarfsfólki. Afturstaðan þessarar vinnu voru skemmtileg og skapandi verkefni og stefnt er að vinna samskonar verkefni á næsta skólaári.
- Ráðgjafinn frá MSHA hitti deildarstjóra í febrúar 2017 og gaf góð ráð um framhaldið í læsiskennslu. Einnig átti ráðgjafinn nokkrum sinnum samtalið við stjórnendur leikskólans til þess að fylgjast með gangi mála og til að svara spurningum ef einhverjar voru varðandi framhaldið.

Einstaka kennarar sóttu einnig námskeið og fyrirlestra tengd læsi, bæði á vegum Hafnarfjarðarbæjar og annarra. Dæmi um slík námskeið eru byrjendalæsi og K-pals.

Læsteymið fundaði reglulega yfir skólaárið og á fundunum var rætt um þau verkefni sem unnin voru á hverri deild fyrir sig og þau skipulögð með það í huga að samfella yrði í læsinnámi barnanna. Lögð var áhersla á að verkefnin hæfi áhuga, aldri og þroska barnanna. Einnig var lagt mat á fræðsluna sem við fengum og hvernig hún nýttist starfsmannahópnum, en fræðsla næsta skólaárs hefur verið skipulögð út frá þeim þáttum sem þótti vanta upp á.



Eins og áður hefur komið fram voru markmiðin með verkefninu að veita kennurum fræðslu um læsi og að setja fram áætlun um hvernig unnið væri með það í leikskólanum. Hvernig fræðslan var skipulögð hefur verið lýst hér að framan. Ákveðin læsisáætlun hefur einnig verið sett upp og áhersla er á að vinna með íslensku málhljóðin og á að vinna með læsi í tengslum við bókalestur. Elsti árgangurinn hefur þó ákveðna sérstöðu þar sem farið er hraðar í ýmis atriði, dýpra í önnur ásamt því að unnið sé með K-pals og í anda byrjendalæsis. Einnig hefur innlögð málhljóðanna í námsefninu *Lubbi finnur málbein* verið fléttuð við vinnu með K-pals og því er ekki unnið með málhljóðin í þeirri röð sem gert er ráð fyrir í námsefninu. Á næstu blaðsíðu er áætlunin sem unnið er eftir.



Áætlun skólaársins 2017-2018


2016 árgangurinn	Lubbi finnur málbein: 6 málhljóð tekin fyrir á skólaárinu, unnið með eitt yfir mánaðartímabil Málhljóðin eru: a, m, b, n, d, l.	Bókalestur: Daglegur bókalestur. Unnið með myndabækur með áherslu á hluti sem börnin hafa áhuga á og tengja við.	
2015 árgangurinn	Lubbi finnur málbein: 10 málhljóð tekin fyrir á skólaárinu. Málhljóðin eru: a, m, b, n, d, l, g, f, k, s.	Bókalestur: Daglegur bókalestur. Unnið með bækur sem reyna á gagnkvæman lestur og ýta undir þátttöku barna á meðan lesið er, t.d. bækurnar um Lúlla.	Þema: Unnið markvisst með ákveðinn orðaforða yfir ákveðinn tíma út frá þemum. Þemun eru litir og dýr.
2014 árgangurinn	Lubbi finnur málbein: Unnið með 15 málhljóð. Málhljóðin eru: a, m, b, n, d, l, g, f, k, s, v, í/ý, ú, j, p.	Bókalestur: Daglegur bókalestur. Unnið með bækur sem reyna á gagnkvæman lestur og ýta undir þátttöku barna á meðan lesið er, t.d. bækurnar um Lúlla.	Þema: Unnið markvisst með ákveðinn orðaforða yfir ákveðinn tíma út frá þemum. Þemun eru dýr/skordýr, form, líkamshlutar.
2013 árgangurinn	Lubbi finnur málbein: Unnið með 24 málhljóð yfir skólaárið. Málhljóðin eru: a, m, b, n, d, l, g, f, k, s, v, í/ý, ú, j, p, h, e, u, i/y, o, t, ö, á, þ, r.	Bókalestur: Bækur lesnar daglega. Stærri þemaverkefni unnin í tengslum við ákveðnar bækur.	Þema: Unnið markvisst með ákveðinn orðaforða yfir ákveðinn tíma út frá þemum. Þemun eru tilfinningar, dýr, gróður.
2012 árgangurinn	Lubbi finnur málbein: Unnið með öll málhljóðin.	Bókalestur: Bækur lesnar daglega. Unnið með þemu og viðfangsefni á skapandi hátt. Ákveðin orð dregin fram og unnið með þau áfram.	K-pals: Unnið vikulega með K-pals verkefni. Fléttað saman við vinnu með málhljóðin. Byrjendalæsi: Aðferðir byrjendalæsis fléttaðar við vinnu með læsi.

Hér fyrir neðan má sjá myndir hvernig unnið var með bókina Vinirnir í snjónum

Eftir fræðslu á skipulagsdegi í janúar ákvað ein deild að vinna markvisst með eina bók og þróa vinnuna út frá áhuga barnanna og leggja inn ýmiskonar kveikjur til að þróa starfið áfram.

19. janúar setti deildarstjórinn þessa frétt inn fyrir foreldra:

Í dag byrjaði ævintýri okkar með bókina „Vinirnir í snjónum“. Við ætlum að vinna mikið af verkefnum út frá bókinni t.d. með dýrin, náttúruna, liti, tilfinningar og vináttu. Einnig munum við vinna með fullt af nýjum orðum. Þetta er eitthvað sem getur þróast í einhverja aðra átt- skulum bara sjá hvað börnunum finnst gaman að gera. Í dag lásum við bókina auk þess sem við vorum með auka myndir sem við prentuðum út: við skemmtum okkur vel. Endilega spyrjið börnin ykkar hvernig þeim fannst "feluleikur dýranna" sem ég sýndi þeim- alla vega fannst okkur eins og að þau hafi skemmt sér vel á meðan við lékum okkur. Við munum leyfa ykkur að fylgjast með næsta verkefni sem tengist bókinni.







Læsteymið telur að markmiðum með fræðslu til starfsmanna hafi verið náð þar sem hún átti sér stað reglulega yfir skólaárið. Fræðslan var vel úr garði gerð og ráðgjöfin nýttist kennurum í starfi. Einnig höfum við rýnt í starfsaðferðir þegar kemur að læsi og sett fram hver áherslan er og hvaða markmið eru fyrir hvern árgang. Það hefur verið lærdómsríkt fyrir okkur að skoða og móta vinnubrögðin okkar í sameiningu og hvernig við getum stuðlað að ákveðin samfella verði í læsisnámi barna í leikskólanum. Því má segja að við teljum að við höfum náð báðum markmiðunum sem við settum okkur fyrir verkefnið.

Læsteymi Bjarkalundar

Alexandra Hödd Harðardóttir

Dominika Judyta Krasko

Elísabet Karlsdóttir

Helena Gylfadóttir

Hildur Kathleen Harðardóttir

Svava Björg Mörk

Telma Ýr Friðriksdóttir

Fylgiskjal 1

Kostnaður

Sótt var um þróunarstyrk hjá Kennarasambandi Íslands vegna kostnaðar við verkefnið. Leikskólinn Bjarkalundur gerði samning við MSHA og þar sem áætlaður kostnaður var 366.000 kr fyrir utan ferðakostnað en áætlað var að hann yrði 150 – 200 þúsund kr. yfir skólaárið.

Lubbi finnur málbein - efni og námskeið áætlað 130.000 kr.

Byrjendalæsisráðstefna, flug, gisting og ráðstefna fyrir þrjá kennara. Áætlað 165.000 kr. (sótt um sem einstaklings – og ferðastyrkur).

Byrjendalæsi námskeið fyrir fjóra kennara 117.200 kr.

Áætlaður heildarkostaður við verkefnið var 978.200 kr. en þar sem styrkurinn nam 500.000 kr. var hann hugsaður til þess að greiða fyrir hluta af fræðslunni sem starfsmenn fengu yfir skólaárið 2016-2017.

Fylgiskjal 2

Leikskólalæsi – lýsing á verkefninu

Leikskólinn Bjarkalundur hóf starfsemi sína haustið 2016 og læsisteymi var fljótlega stofnað, þar sem okkur fannst nauðsynlegt að tryggja strax að faglega yrði unnið með læsi og málörvun í starfi leikskólans.

Markmiðin með verkefninu voru að allir starfsmenn fengju fræðslu um læsi og hvernig hægt væri að vinna með það í starfi með börnum á ólíkum aldri, en einnig var mótun áætlunar í læsiskennslu markmið okkar. Verkefnið var unnið í samstarfi við ráðgjafa frá Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri (MSHA) og Ásthildi Bj. Snorradóttir sem hélt fyrirlestra og kom með góð ráð. Yfir skólaárið sóttu starfsmenn einnig námskeið og fyrirlestra, en sum námskeið voru haldin á starfsmannafundum eða skipulagsdögum fyrir alla en aðrir sóttu sér fræðslu annars staðar frá.

Með verkefninu hefur tekist að festa starfshætti í sessi, þar sem sett hefur verið saman heildstæð áætlun um læsiskennslu í leikskólanum. Starfsmenn hafa allir fengið greinargóða fræðslu um læsishám og tekið þátt í því að móta áætlunina og þau verkefni sem unnin er á hverri deild fyrir sig. Læsisteymi leikskólans telur að þeim markmiðum sem sett voru í upphafi verkefnisins hafi verið náð.